

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. október 2016
UST201609-157/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing aðalskipulag – Skaftafell III og IV. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Umhverfisstofnun vill benda á að í umræddri lýsingu er gert ráð fyrir nýrri þyrpingu mannvirkja milli Hringvegur og Þjóðgarðsmiðstöðvar í Skaftafelli þannig að þegar ekið er um Hringveginn hvort sem er til austurs eða vesturs munu ný mannvirki verða sýnileg í aurnum.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi fleiri valkosti varðandi staðsetningu nýs þjónustusvæðis, helst sem næst þeim þyrpingum sem þegar eru fyrir hendi annars vegar í Skaftafelli og hins vegar í Svínafelli. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að þegar Vegagerðin ákvað að staðsetja nýja brú yfir Morsá norðan núverandi brúar var það gert til að gamla Skeiðarárbrúin myndi ekki skerða útsýni til jökla frá Hringveginum um Morsá.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnt verði að fjalla um valkosti og mótvægisáðgerðir þegar á frumstigum skipulagsáætlana þegar um landnýtingu á fjölsóttu og fallegum stöðum er að ræða í stað þess að mat á umhverfisáhrifum sé eini vettvangurinn til umfjöllunar af slíku tagi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun